

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingmál 163.



Umsögn Reiðhjólábænda um frumvarp til breytinga á lögum um hámarkshraða.

Í fyrsta lagi fagna Reiðhjólábændur því að þessi tillaga að breytingu á umferðarlögum er komin fram. Í þéttbýli blandast margar ólíkar gerðir vegfarenda í sama rými þar sem leiðir skerast á margan og mismunandi hátt. Mesta hættan á slysum skapast þar sem leiðir ólíkra vegfarenda skerast, t.d. á gatnamótum, gangbrautum eða öðrum slíkum stöðum.

Önnur hættan sem skapast oft er þegar hraðamismunur ólíkra vegfarenda verður of mikill. Hjólandi vegfarandi sem fer á 20 km/klst deilir göturýminu með vélknúnum ökutækjum sem eru margfalt þyngri og aka mun hraðar, allt að 50 km/klst og jafnvel rúmlega það. Þessi hraðamunur er hættulegur. Það er því jákvæð breyting ef sjálfgefinn hraði í þéttbýli verður mun lægri en nú er, þ.e. minni en 50 km/klst.

Ein afleiðing þessarar breytingar verður að hámarkshraði á hjólastígum breytist um leið, þ.e. sjálfgefinn hraði þar sem ekkert annað er tekið fram verður 30 km/klst og því gildir það líka á hjólastígum. Þetta er jákvæð breyting þar sem algengur ferðahraði þeirra sem hjóla liggur nærri 15-20 km/klst og verður yfirleitt ekki meiri en 25 km/klst. Það hjóltreiddafólk sem vill ferðast hraðar getur gert það, en þarf þá að nota götur og vegi frekar en stíga.

Fari svo að tillagan verði að frumvarpi og nái fram að ganga er þess vegna mjög mikilvægt að um leið verði skoðuð 23. gr. núgildandi umferðarlaga, sérstaklega 3. mgr. sem fjallar um 1,5 metra lágmarksbil við framúrakstur vélknúins ökutækis framúr hjólandi umferð. Um leið og almennur hámarkshraði lækkar má gera ráð fyrir að virkum vegfarendum sem fara um á reiðhjólum og smáfaratækjum á götum og vegum fjölgi mikið. Þá mun þeim tilvikum fjölga þar sem vélknúin ökutæki aka framúr smáfarartækjum og reiðhjólum og því er mikilvægt að reglur um slíkan framúrakstur séu öllum vel kunnar. Því miður hefur kynning á þessari reglu, sem var bætt við umferðarlög árið 2019 og tók gildi 1.1.2020, verið mjög ábótavand og margir ökumenn hafa misskilið hana.

Lækkun umferðarhraða er jákvæð breyting og mun fækka slysum og draga úr meiðslum og tjóni þegar óhöpp gerast.

f.h. Reiðhjólábænda

Birgir Birgisson

Formaður

Reiðhjólábændur eru stærstu grasrótarsamtök hjólandi fólks á Íslandi, með um 8.000 félaga.